

Skýrsla stjórnar 1999-2001

Fjöldi karla og kvenna í félögum LÍV 1. janúar 2001

Félag	Skattskyldir félagar			Gjaldfrjálsir félagar			Félagsmenn alls		
	Karlar	Konur	Samtals	Eldri	Öry. Atv.I.	Karlar	Konur	Samtals	
Vmf. Akraness	41	134	175	10		44	141	185	
Vlf. Borgarness	27	94	121	21	6	40	108	148	
Vlf. Stykkishólms	6	20	26			6	20	26	
Vlf. Snæfellsbæjar	4	29	33		2	4	31	35	
Vlf. Valur	2	14	16			2	14	16	
Vmf. Ísafjarðar	33	83	116	3		35	85	120	
Vlf. Hólmavíkur		12	12	1	4	2	15	17	
Vlf. Hrútfirðinga	2	21	23			2	21	23	
Vmf. V-Húnavetninga	11	19	30			11	19	30	
Stéttarfélagið Samstaða	16	42	58	8		20	46	66	
Vmf. Skagfirðinga	64	142	206			64	142	206	
Vlf. Vaka	16	36	52	3	2	20	39	59	
F.V.S.A.	359	711	1.070	83	95	436	812	1.248	
Vmf. Húsavíkur	35	121	156	5	9	40	130	170	
Vlf. Öxarfjarðar	5	5	10			5	5	10	
Vlf. Raufarhafnar	1	16	17	4	1	1	21	22	
Vlf. Þórshafnar	8	20	28			8	20	28	
Vmf. Austurlands	90	283	373	23		101	295	396	
Vlf. Vökull	22	70	92	8	2	23	79	102	
Vlf. Samherjar	4	8	12			4	8	12	
Vmf. Suðurlands	112	449	561		10	112	459	571	
Vmf. Vestmannaeyja	50	190	240	4		46	190	236	
Vmf. Suðurnesja	256	597	853	102		287	668	955	
Vmf. Hafnarfjarðar	364	634	998	61	2	379	682	1.061	
V.R.	5.689	8.371	14.060	993		6.091	8.962	15.053	

Samtals

7.21712.121 19.3381.329 133 3 7.78313.012 20.795

SKRIFSTOFAN

Skrifstofa LÍV er að Fákafeni 11, Reykjavík og er starfsmaður sambandsins Ástríður S. Valbjörnsdóttir. Formaður LÍV, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, er jafnframt framkvæmdastjóri sambandsins.

Húsnæðinu var sagt upp frá og með 1. nóvember 2000 með 12 mánaða fyrirvara í kjölfar umræðu framkvæmdastjórnar um starfsemi og skipulag LÍV. Þingi sambandsins var frestað vorið 2001 og var þá leigan framlengd um óákveðinn tíma eða þar til ljóst væri hvernig starfsemi sambandsins yrði háttað. Tölvukostur skrifstofunnar var endurnýjaður á árinu 2000.

VERKASKIPTING STJÓRNAR

Sólveig Haraldsdóttir hefur verið varaformaður sambandsins síðasta kjörtímabil en Kristín M. Björnsdóttir ritari og Grétar Hannesson gjaldkeri.

Sú nýbreytni var tekin upp að einstökum framkvæmdastjórnarmönnum var falið að sinna sérstaklega ákveðnum málaflokkum og voru Grétari Hannessyni falin fjármál, Guðrínu Erlingsdóttur tengsl við félögin, Péttri A. Maack orlofsmál, Kristínu M. Björnsdóttur mennta- og fræðslumál, Guðmundi Björnssyni útgáfu- og kynningarmál, Gunnari Páli Pálssyni sjúkrasjóðsmál, Guðmundi B. Ólafssyni Evrópumál og lög aðildarfélaganna og Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur kjaramál og tengsl við ASÍ.

BREYTING Á FRAMKVÆMDASTJÓRN

Einn framkvæmdastjórnarmaður hvarf úr stjórn á tímabilinu. Pétur A. Maack lét af störfum, sem varaformaður VR í maí s.l. og hefur ekki starfað innan LÍV frá þeim tíma. Júnía Þorkeldsdóttir tók hans sæti í framkvæmdastjórn.

NETIÐ

Nýr vefur LÍV verður opnaður fyrir þingið og er slóðin www.landssamband.is. Sambandið hefur verið með vef frá júlí 1998 en erfitt hefur verið að halda honum við, þar sem honum fylgdi ekki sérstakt viðhaldsforrit.

Nýi vefurinn, sem er unninn af Vef h.f., mun verða mjög auðveldur í viðhaldi og á honum verður leitarvél. Honum fylgir mjög þægilegt viðhaldsforrit, sem gerir aðildarfélögum sambandsins kleift að halda sínum síðum við sjálfum.

Vonast er til að þessi nýi vefur komi að góðum notum í skipulagsmálum sambandsins og verður hluti hans lokaður eins og verið hefur. Eftir þingið verður bætt inn efni á vefinn þ.á.m. skýrslum vegna erlends samstarfs.

FUNDIR

Á kjörtímabilinu hafa verið haldnir 27 framkvæmdastjórnarfundir, 1 formannafundur og 1 formanna- og sambandsstjórnarfundur.

Samkvæmt samningi LÍV og VR hélt félagið fundi með aðildarfélögum LÍV í aðdraganda kjarasamninganna 2000. Fundir voru haldnir í Vestmanneyjum, á Egilsstöðum, Hvolsvelli, Akureyri, Suðurnesjum og í Hafnarfirði.

Þann 5. nóvember 1999 var haldinn fundur framkvæmdastjórnar og formanna LÍV. Farið var yfir fyrirkomulag kjarasamningagerðarinnar en ákveðið var að LÍV myndi greiða allan kostnað af samningunum en innheimta hann síðan frá félögunum miðað við félagsmannafjölda. Samþykkt var að LÍV myndi leita eftir samningsumboði frá aðildarfélögum sínum öðrum en VR. Guðmundur B. Ólafsson flutti erindi um samningaferli, Magnús L. Sveinsson um undirbúning VR vegna kjarasamninganna, Edda Rós Karlsdóttir

um svigrúm og samiburð vegna komandi kjarasamninga, Gunnar Páll Pálsson um launakönnun LÍV og VR og kjarasamning HK í Danmörku.

Í maí 2001 var haldinn 2ja daga fundur, sem hófst á sambandsstjórnarfundi, þar sem fjallað var um reikninga sambandsins, undirbúning ársfundar ASÍ og skipulagsmál LÍV. Að því loknu fór Elías Magnússon yfir túlkun kjarasamninga LÍV og Alda Sigurðardóttir yfir málefni Starfsmenntasjóðsins en þann fund sóttu einnig nokkrir starfsmenn félaganna.

UMSÓKNIR UM AÐILD

Verkalýðsfélag Öxafjarðar og Verkalýðsfélag Raufarhafnar sóttu um aðild að sambandinu fyrir verslunarfólk í félögunum og samþykkti framkvæmdastjórn umsóknirnar með fyrirvara um samþykki LÍV þings.

SKIPULAGSMÁL LÍV

Mikil umræða hefur verið um starfsemi og skipulag LÍV frá haustmánuðum 2000 en hún hafði þá að mestu legið niðri frá síðasta LÍV þingi. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram, sem flestar miða að því að draga úr starfsemi sambandsins og þá um leið kostnaði.

Skiptar skoðanir eru innan framkvæmdastjórnar um hvernig framtíðarstarfsemi sambandsins verði best fyrirkomid. Umræðan hefur staðið yfir í mörg ár og tekið mikinn tíma frá öðrum störfum. Nauðsynlegt er að ná sátt um málið, þannig að sambandið geti snúið sér að öðrum verkefnum og það er nauðsynlegt að sem flestir komi að umræðunni.

Ætlunin var að ljúka skipulagsumræðunni á þingi sambandsins, sem halda átti í maí 2001 en þegar líða tók á vorið varð ljóst að það myndi ekki takast. Þinginu var því frestað til haustsins og ákveðið að meginefni þess yrði skipulag og starfsemi LÍV. Það var ákveðið að skipta því í tvennt. Á fyrri hlutanum verði fjallað um þær hugmyndir, sem fram hafa komið í umræðunni á síðustu árum og þær sem koma fram á þinginu og undirbúa þannig almenna umræðu í félögunum, sem stæði fram yfir áramót. Nýr vefur sambandsins verður opnaður og m.a. nýttur í þá umræðu. Framkvæmdastjórn verði síðan falið að ganga frá tillögum að breyttri starfsemi LÍV svo og lagabreytingum byggðum á því, sem fram kemur í umræðunni. Þær tillögur og lagabreytingar verði kynntar aðildarfélögunum það tímanlega að ítarleg umræða geti farið fram innan þeirra fyrir seinni hluta þingsins, sem yrði í maí 2002 en þá yrðu teknar ákvarðanir um framtíðarstarfsemi og skipulag sambandsins.

Framkvæmdastjórn telur að með þessu sé tryggt að öll aðildarfélögin geti komið að umræðunni og unnt eigi að vera að ná góðri sátt um þær breytingar, sem verða gerðar.

SAMNINGUR LÍV OG VR

Samningurinn, sem var gerður var milli LÍV og VR í apríl 1999 um túlkun kjarasamninga, undirbúning kjarasamninga og fleiri atriði rann út í apríl 2000. Hann hefur ekki verið endurnýjaður en félagið hefur eigi að síður þjónustað LÍV eins og áður. Samningurinn hefur reynst vel en beðið hefur verið eftir umræðunni um skipulag og starfsemi LÍV og því hefur dregist að ganga frá nýjum samningi. Ekki hefur verið gengið frá greiðslum til félagsins fyrir þjónustuna.

SJÚKRASJÓÐIR

Í kjölfar samnings LÍV við VR óskaði félagið eftir því við Talnakönnun h.f. að fyrirtækið ynni greinargerð um stöðu sjúkrasjóða innan LÍV. Benedikt Jóhannesson og Fjola Rún Björnsdóttir unnu skýrsluna, sem var afhent 20. febrúar 2000.

Niðurstaða Talnakönnunar h.f. var eftirfarandi:

“Sú athugun sem hér hefur verið gerð bendir sterklega til þess að mjög hagkvæmt sé að sameina sjúkrasjóði félaga í LÍV í einn sterkan sjóð. Með því móti mætti spara rekstrarkostnað, ná betri ávöxtun og auka réttindi. Ekki má láta fjarlægðina frá höfuðstöðvunum bitna á þjónustu og því er líklegt að umboðsskrifstofur vinni ýmis verk, sem snúa að einstökum félögum. Í framtíðinni mun hluti af þessari þjónustu geta farið í gegnum netið. Miklir fjármunir fara til sjúkrasjóðanna og það er félögunum mikið hagsmunamál að þeim sé sem best varið í samræmi við tilgang sjóðanna.”

Framkvæmdastjórn LÍV samþykkti síðan á fundi sínum 28. september 2000 að mæla með því við aðildarfélög sambandsins að hefja vinnu við sameiningu sjúkrasjóða félaganna. Óskaði hún eftir því að stjórnir aðildarfélaganna svöruðu því fyrir 25. október 2000 hvort félögin vildu hefja sameiningarviðræður vegna sjúkrasjóðanna.

Jákvæð svör bárust frá VR, FVSA, Verslunarmannafélagi Ísafjarðar, Verslunarmannafélagi Akraness, Verkalýðsfélaginu Vöku, Verslunarmannafélagi Vestmannaeyja og Verslunarmannafélagi Austurlands.

Unnið hefur verið að því að skoða stöðu sameiginlegs sjúkrasjóðs m.a. með því að stilla upp sameiginlegum rekstrar- og efnahagsreikningi. Ljóst er að sameinaður yrði sjóðurinn mjög sterkur.

Umræðan um sjúkrasjóðinn hefur óneitanlega blandast inn í skipulagsumræðuna, sem hefur tafið nokkuð fyrir málinu en stefnt er að því að funda með þessum aðildarfélögum um málið að loknu þingi LÍV.

ATHUGASEMDIR VERSLUNARMANNAFÉLAGS HAFNARFJARÐAR

Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar ritaði framkvæmdastjórn LÍV bréf þ. 13. febrúar 2001 og óskaði aðstoðar sambandsins vegna innheimtu lífeyrissjóðs verslunarmanna á félagsgjöldum félagsins og meintum afskiptum VR af henni.

Í bréfinu kemur fram að félagið telur lífeyrissjóðinn hafa skilað félagsgjöldum ranglega til VR í stað VH og að undirrót þess sé a.m.k. að hluta runnin undan rifjum forystumanna VR.

Leitað var skriflega eftir upplýsingum frá lífeyrissjóðnum, sem svaraði með bréfi dagsettu 28. febrúar 2001. Í því kemur m.a. fram að sjóðurinn bóki innheimtar skilagreinar frá launagreiðendum með þeim hætti sem launagreiðandinn fylli þær út, þar með talið stéttarfélagsaðild starfsmanna. Hafi stéttarfélagið athugasemdir við útfyllingu skilagreina verði það að beina þeim til viðkomandi launagreiðanda. Sjóðurinn mótmæli eindregið ásökunum VH um að gjöldum innheimtum fyrir félagið hafi ekki verið skilað til þess með eðlilegum hætti. VH var sent afrit af bréfinu.

Formaður sambandsins kynnti sér málið ítarlega og ræddi m.a. við fulltrúa VH og VR. Í svarbréfi LÍV til VH dags. 26. júní 2001 er farið yfir afstöðu lífeyrissjóðsins og að ljóst sé að sjóðurinn muni frekar hætta innheimtu félagsgjalda en að setja starfsfólk sitt í að hafa eftirlit með félagsaðild þeirra, sem skilað er af til sjóðsins og gildi það jafnt fyrir öll stéttarfélögin, sem sjóðurinn innheimtir fyrir.

Í svarinu er einnig bent á að skýrt sé hver félagssvæði VH og VR séu og að samkvæmt því skipulagi, sem verkalýðshreyfingin starfar eftir eigi það starfsfólk, sem vinnur á félagssvæði VH að vera í VH og það, sem vinnur á félagssvæði VR að vera í VR. Um það sé ekki ágreiningur og best væri að eftir því væri farið.

Sambandið benti þó á að Reykjavík og Hafnarfjörður væru runnin saman í eitt vinnusvæði og að skilningur félagsmanna á því að þurfa að skipta um stéttarfélag, ef þeir flyttust milli vinnustaða á svæðinu, færi ört minnkandi. Þessi staða sé hvergi annars staðar á landinu en væri sambærileg við að eitt verslunarmannafélag væri í Keflavík og annað í Njarðvík.

Það sé því mat sambandsins að það sé ekki lausn á málinu að félögin hefðu samband við félagsmennina og vísuðu þeim úr félögunum. Þetta fólk starfar á sama kjarasamningi á hvoru félagssvæðinu, sem það er og slík vinnubrögð myndu örugglega leiða til mikillar reiði félagsmanna, mjög neikvæðrar umræðu um félagsaðild og verða til þess að margir veldu að standa utan stéttarfélags.

Það væri skoðun sambandsins að aðeins félögin sjálf gætu leyst þetta mál og það beindi því þeim tilmælum til stjórnar VH og VR að taka upp viðræður um samstarfssamning eða sameiningu eins fljótt og mögulegt er.

Formaður LÍV hefur fundað með fulltrúum VH nú á haustmánuðum 2001 vegna framhalds málsins.

ASÍ

Eins og oft áður hefur mikil vinna farið í ýmis mál tengd ASÍ á þessu kjörtímabili og var þar þingundirbúningur drýgstur. Mikil umræða var um skipulag og starfhætti sambandsins og lög þess voru endurskoðuð. Þeim var síðan breytt á þingi ASÍ, sem haldið var í nóvember 2000. Mikil vinna var lögð í endurskoðunina og kynningu á henni. Formaður LÍV var á þeim tíma varaforseti ASÍ en lét af því embætti á þinginu, sem hefur rýmkað til fyrir öðrum verkefnum. Fyrsti ársfundur ASÍ var síðan haldinn í maí 2001 og var nokkur vinna í undirbúningi hans.

Fyrir þingið náðist samkomulag milli LÍV og ASÍ í deilu, sem staðið hefur frá sambandsstjórnarfundum ASÍ árið 1996 vegna athugasemda VR um réttmæti þess að sambandsstjórn ákvarðaði skatt sambandsins. Gert var upp við ASÍ.

Í aðdraganda þingsins óskaði ASÍ eftir skilgreiningu á samningssviði LÍV og var hún send í október 2000.

Ný lög ASÍ koma ekki í veg fyrir að lög aðildarfélaganna feli í sér skörun við félagssvæði annarra félaga og eftir að miðstjórn ASÍ samþykkti breytingar á lögum ýmissa félaga skarast félagssvæði Vökuls við félagssvæði Verslunarmannafélags Austurlands og lög Félags ísl. símamanna við félagssvæði LÍV. Það er því mjög mikilvægt að samböndin innan ASÍ geri sem fyrst með sér samstarfssamninga eins og lög ASÍ gera ráð fyrir.

LÍV skipaði eftirfarandi fulltrúa í nefndir innan ASÍ en auk þess hafa fulltrúar verslunarmannafélaganna verið skipaðir í nefndir af miðstjórn ASÍ:

Alþjóðanefnd: Guðrún Erlingsdóttir aðalmaður og Guðmundur B. Ólafsson varamaður.

Atvinnumálanefnd: Kristín M. Björnsdóttir aðalmaður og Páll H. Jónsson varamaður.

Velferðarnefnd: Ágúst Óskarsson aðalmaður og Benedikt Vilhjálmsson varamaður. Ágúst baðst undan áframhaldandi setu í nefndinni haustið 2001 og Guðbrandur Einarsson tók við sæti hans.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd: Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður og Guðrún Erlingsdóttir varamaður.

Mennta- og útbreiðslunefnd: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir aðalmaður og Jón Ragnar Jónsson varamaður.

Kjara- og skattanefnd: Guðbrandur Einarsson aðalmaður og Unnur Helgadóttir varamaður.

Skipulags- og starfsháttanefnd: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir aðalmaður og Valur M. Valtýsson varamaður.

Vinnuréttar- og vinnumarkaðsnefnd: Júnía Þorkelsdóttir aðalmaður og Grétar Hannesson varamaður.

SAMSTARFSSAMNINGAR

Fyrir liggja drög að samstarfssamningi milli LÍV og RSÍ, sem vonandi verður undirritaður fyrir lok október 2001. Í þeim samningi eru ákvæði vegna Félags ísl. símamanna auk almennra ákvæða vegna samningssviðs RSÍ og LÍV.

Rætt hefur verið við Verkamannasambandið og síðan Starfsgreinasambandið eftir stofnun þess, vegna skörunar samningssviða sambandanna, en ekki hefur náðst niðurstaða. Stefnt er að því að halda þeim viðræðum áfram sem fyrst.

LAUNAKÖNNUN

Í maí 1999 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands póstkönnun meðal félagsmanna í LÍV að beiðni sambandsins. Auk spurninga um launakjör var kannað viðhorf félagsmanna til næstu kjarasamninga, starfs og vinnustaðar en spurningalistar voru sendir til 5.500 félagsmanna annarra aðildarféлага LÍV en VR. Svör bárust frá 23% félagsmanna og voru niðurstöður birtar í október 1999.

Könnunin er sambærileg við könnun, sem VR hafði gert skömmu áður og voru báðar liður í undirbúningi kjarasamninga. Mjög mikilvægt var að hafa sambærilegar kannanir fyrir allt landið, ekki síst vegna kjarasamninganna, sem þá fóru í hönd.

LÍV sá um vinnu í sambandi við könnunina en félögin greiddu kostnaðinn miðað við félagsmannafjölda.

VR gerði sambærilega könnun á árinu 2000 en ónæg þátttaka var þá hjá öðrum aðildarfélögum LÍV til að hægt væri að gera sambærilega könnun fyrir félög utan Reykjavíkur.

KJARAMÁL

Samkvæmt samningi LÍV og VR tók VR að sér að annast undirbúning kjarasamninga fyrir sambandið en samningur LÍV og SA rann út 15. febrúar 2000 og samningur við Samtök verslunarinnar – FÍS 29. febrúar 2000.

VR hafði lagt mikla vinnu í undirbúning kjarasamninganna allt frá undirritun síðustu samninga í mars 1997. Síðasti hluti undirbúningsins hófst með kjarabingi VR í janúar 1999. Þar voru ræddar hugmyndir um áherslur í komandi kjaraviðræðum og fjallað um breytingar á vinnuumhverfi verslunar- og skrifstofufólks. Ennfremur var fjallað um kjarasamninga danskra verslunarmanna, en þeir hafa farið yfir í markaðslaunakerfi með lágmarkslaunum.

Launakannanirnar, sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir VR og LÍV sýndu að umtalsverður launamunur væri milli kynja og einnig milli suðvesturhorns landsins og annarra landshluta. Þar kom einnig fram að lífskjör verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi væru svipuð og í Danmörku, ef horft er til heildartekna en vinnutími á Íslandi væri klukkustund lengri en í Danmörku.

VR stóð fyrir fundum með aðildarfélögum LÍV víða um land og bauð fulltrúum félaganna til kjarabings, sem félagið hélt 23. janúar 2000.

LÍV leitaði eftir umboði aðildarféлага sambandsins annarra en VR til gerðar viðræðuáætlunar og kjarasamninga þ. 11. nóvember 1999 og veittu öll félögin 26 sambandinu umboð.

Viðræðuáætlun vegna kjarasamninga LÍV og SA var undirrituð 30. nóvember 1999 og 6. desember 1999 skipaði framkvæmdastjórn LÍV samninganefnd LÍV en hana skipuðu Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Guðmundur Björnsson, Unnur Helgadóttir, Guðbrandur Einarsson, Kristín M. Björnsdóttir, Guðrún Erlingsdóttir, Finnur M. Magnússon, Ágúst Óskarsson og Júnía Þorkelsdóttir. VR skipaði eigin samninganefnd.

Kröfur kynntar SA

Samninganefndir LÍV og VR kynntu SA kröfur sínar á sameiginlegum fundi þ. 28. janúar 2000. Kröfur LÍV voru eftirfarandi:

Markaðslaunakerfi með lágmarkslaunum

Að tekið verði upp í áföngum á gildistíma samningsins markaðslaunakerfi, þar sem laun skulu endurspeglar vinnuframlag, menntun, starfsreynslu og ábyrgð í starfi. Mat og leiðrétting á launakjörum fari fram einstaklingsbundið í starfsmannaviðtölum eigi sjaldnar en einu sinni á ári, þar sem taka skal mið af launakönnunum. Við upptöku þessa nýja launakerfis verði skipuð launanefnd, sem taki til úrskurðar deilur, sem upp koma vegna launabreytinga og úrskurði um lágmarkshækkun launa, ef verulegur brestur verður á að starfsmenn fylgi árlegri launaþróun. Markmið markaðslaunakerfis verði m.a. að minnka launamun kynjanna og launamun milli Reykjavíkur og landsbyggðar.

Samið verði um almenna prósentuhækkun á launum sem taki gildi við undirskrift. Hækkunin taki mið af samningstíma, auknum kaupmætti og markmiðinu um stöðugleika.

Að lágmarkslaun verði hækkuð sérstaklega. Samhliða gerð aðalkjarasamnings verði gerðir sérstakir vinnustaða- eða fyrirtækjasamningar til að tryggja að lágmarkslaun verði eigi lægri en kr. 90.000 á mánuði fyrir dagvinnu svo fljótt sem verða má.

Styttri vinnuvika

Að virkur vinnutími afgreiðslu- og skrifstofufólks verði stytur í áföngum í 36 stundir á viku.

Aukinn orlofsréttur

Að orlofsréttur verði aukinn og rýmkaðar verði reglur um flutning réttar milli atvinnurekenda.

Foreldra- og fæðingarorlof

Að réttindi foreldra til orlofstöku verði aukin. Sérstaklega verði hugað að auknum sveigjanleika í orlofstöku.

Fræðslusjóður

Að atvinnurekendur greiði 0,25% af heildarlaunum félagsmanna í sérstakan fræðslusjóð, sem gefi félagsmönnum kost á samfelldri sí- og endurmenntun.

Mótframlag í lífeyrissjóð

Að atvinnurekendur greiði 2% mótframlag vegna greiðslna félagsmanna í séreignasjóði.

Desemberuppbót

Að orlofsuppbót leggist við desemberuppbót, sem hækki verulega.

Skyldutryggingar

Að skyldutryggingar atvinnurekenda vegna vinnuslysa verði uppfærðar í samræmi við launaþróun síðustu áratuga.

Veikindaréttur

Að veikindi í orlofi erlendis lúti sömu reglum og veikindi í orlofi innanlands.

Að réttur foreldra vegna veikinda barna aukist.

Í grein 8.1.1. um sjúkrakostnað falli orðin “ í allt að 4 vikur” brott.

Í grein 8.1.2. um greiðslu launa vegna vinnuslysa falli orðin “fyrir dagvinnu” brott.

Gildistími kjarasamnings og opunarákvæði

Lengd samningstímans fari eftir innihaldi kjarasamningsins.

Að samningsaðilar setji sér markmið um árlega kaupmáttaraukningu og ákveði hvernig bregðast skuli við ef þau ganga ekki eftir.

Samkeppnishæfni dreifbýlisverslunar

Að samningsaðilar leiti sameiginlega til ríkis og Byggðastofnunar um að stofna nefnd er meti samkeppnishæfni verslunar í dreifbýli.

Réttur til frítöku vegna ferðalaga

Að starfsmönnum, sem dvelja þurfa erlendis vegna vinnu sinnar um helgar eða á almennum frídögum, verði tryggð samsvarandi frí.

Bakvaktir

Að þeir starfsmenn, sem hafa vinnuskyldu á bakvakt, fái greiddan a.m.k. 1/3 hluta dagvinnulauna fyrir hverja klukkustund á bakvakt.

Læstar hirslur

Að starfsfólk hafi á vinnustað aðgang að læstum hirslum fyrir persónulega muni.

Vinnuföt

Að réttindi starfsmanna varðandi vinnu- og hlífðarföt í grein 9.1. verði aukin.

Söluturnasamningar

Að gildissvið samningsins verði skilgreint að teknu tilliti til reynslu á síðasta samningatímabili.

Að vetrarfrí verði sett inn í laun sem 2 mín. í yfirvinnu á hverja unna klst.

Samningar um gestamóttöku

Að samningurinn verði endurskoðaður. Enn fremur verði gerður samningur vegna ýmissa annarra starfa í ferðaþjónustu, sem eru á samningssviði LÍV.

Samningar um fjarvinnslu, símsölu o.þ.h.

Að gerðir verði samningar um símsölu, fjarvinnslu og fleiri slík störf, þar sem m.a. er kveðið á um vinnutíma, lágmarkslaun og vinnuumhverfi.

LÍV hefur vísað eftirfarandi til ASÍ:

Skattamál

Að skattleysismörk hækki í takt við lágmarks Umsamda launaþróun.

Að tekjuskeringarmörk barnabóta hækki að lágmarki í takt við lágmarks Umsamda launaþróun og meira ef svigrúm er fyrir hendi.

Að dregið verði úr tekjutengingu barnabóta.

Bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur

Að atvinnuleysisbætur og elli- og örorkulífeyrir hækki.

ILO 158

Að Ísland fullgildi án tafar ILO samþykkt nr. 158 um réttindi starfsmanna við uppsagnir.

Þarfagreining

Alda Sigurðardóttir vann þarfagreiningu vegna endurmenntunarsjóðs fyrir verslunar- og skrifstofufólk í lok febrúar 2000 og var hún mikilvægt innlegg í umræðuna um starfsmenntamálin.

Kjarasamningur við Samtök verslunarinnar - FÍS

Þann 22. janúar 2000 undirrituðu VR og LÍV annars vegar og Samtök verslunarinnar - FÍS hins vegar kjarasamning, sem gildir til 29. febrúar 2004. VR hafði unnið að samningsgerðinni en aðeins örfáir félagar Verslunarmannafélags Suðurnesja og Verslunarmannafélags Ísafjarðar starfa hjá félagsmönnum FÍS en nokkur fjöldi í FVSA og Verslunarmannafélagi Hafnarfjarðar. Samningurinn var samþykktur í þessum félögum.

Samkvæmt samningnum hækkuðu laun um 3,8% við undirskrift. Launahækkun um 1,2% samkvæmt fyrra samningi féll niður en í stað hennar kom kr. 10.000 eingreiðsla. Þá fellur orlofsuppbót einnig niður en í hennar stað verður desemberuppbót kr. 40.000.

Í samningnum er gert ráð fyrir að samningsaðilar vinni að því að laun fyrir fullt starf fullgildra starfsmanna 18 ára og eldri verði ekki undir kr. 90.000 á mánuði að loknum þriggja mánaða reynslutíma, en því markmiði á að ná eigi síðar en 1. janúar 2001. Náist það ekki, beita samningsaðilar sér sameiginlega fyrir

Því að ná viðunandi lausn á kjörum viðkomandi starfsmanns í samvinnu við vinnuveitanda hans. Laun yngri en 18 ára skulu eigi vera lægri en kr. 70.000 en þeir sem eru yngri en 16 ára skulu eigi taka lægri laun en kr. 66.000.

Samningurinn byggir á markaðslaunakerfi þar sem laun skulu endurspeglar vinnuframlag starfsmanns, hæfni hans, dugnað, sveigjanleika í vinnu, vinnu á sérstökum tímum og innihald starfsins, auk ábyrgðar og menntunar, ef við á. Starfsmaður og vinnuveitandi eiga að semja milliliðalaust sín á milli um laun. Samkvæmt samningnum á starfsmaður rétt á viðtali við yfirmann sinn um launakjör sín a.m.k. einu sinni á ári og á rétt á að krefjast samningaviðræðna við vinnuveitanda, ef laun hans eru að verulegu leyti frábrugðin byrjunarlaunum sambærilegra starfshópa í fyrirtækinu eða hjá sambærilegum fyrirtækjum. Sambærileg kjör miðast við tiltækar upplýsingar hjá fyrirtækjum og launakannanir, sem gerðar eru eftir viðurkenndum aðferðum. Ef talið er að verulegt misræmi sé í heildargreiðslum hópa launþega, sem starfa í sambærilegum fyrirtækjum við sambærilegar aðstæður eiga báðir aðilar rétt á að vísa slíku máli til launanefndar. Þá segir í samningnum að laun skuli ákveðin í samræmi við markmið í gildandi lögum um launajafnrétti kynjanna.

Komið verður á fót sérstakri launanefnd, sem tekur til starfa, ef verulegur brestur verður á að launþegar fylgi árlegri launaþróun. Launanefnd skal þá úrskurða um lágmarkshækkun launa eigi síðar en 1. október ár hvert. Þetta ákvæði gildir til ársloka 2002. Nefndina eiga að skipa tveir fulltrúar frá hvorum samningsaðila.

Vinnutími í samningnum miðast við virkar vinnustundir og verður þeim fækkað í áföngum á þremur árum úr 37:05 hjá afgangslúfólki og 36:45 hjá skrifstofufólki í 36:15 fyrir báða hópa. Semja má um fyrirkomulag greiðslna, sem koma til vegna styttingar vinnuviku, á hverjum vinnustað fyrir sig. Vinnuvikan getur orðið allt að 45 klst. á álagstímum, gegn styttri vinnuviku þegar álag er minna. Greitt skal yfirvinnuálag fyrir tímann, sem er umfram 45 klst. á viku. Uppgjörstímabilið er allt að 16 vikur. Starfsmenn eiga rétt á vinnuhléi, sem nemur a.m.k. hálfri klukkustund alls á dag, nema um annað sé samið. Daglegur tími, sem fer í vinnuhlé má ekki fara fram úr einni klukkustund nema að vinnudagur fari fram yfir 8 stundir á dag, þá má vinnuhlé fara í eina klukkustund á dag.

Orlof verður að lágmarki 24 dagar, 25 dagar eftir 5 ár og 27 dagar eftir 10 ár.

Stofnaður verður starfs- og endurmenntunarsjóður, sem vinnuveitendur greiða í 0,25% af heildarlaunum. VR greiðir kr. 10.000.000 stofnfjárframlag í sjóðinn.

Samningurinn gerir ráð fyrir að vinnuveitendur greiði í áföngum 2% mótframlag gegn að lágmarki 2% greiðslu starfsmanns í séreignasjóð.

Heimilt er að segja samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara fyrir 1. september árið 2002 og fellur hann þá úr gildi 1. mars árið 2003.

Kjarasamningar við SA

Haldnir voru fjölmargir fundir með samninganefndum SA og komu samninganefndir LÍV og VR sameiginlega að þeim. Samstarfið gekk vel og þann 14. maí 2000 voru undirritaðir kjarasamningar milli LÍV og VR annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar. Samningurinn gildir til 1. mars 2004.

Samkvæmt samningnum hækka laun frá og með 1. maí 2000 um 3,9%, 1. janúar 2001 um 3,0%, 1. janúar 2002 um 3,0% og 1. janúar 2003 um 3,0%. Launataxtar hækka mun meira og urðu byrjunarlaun afgangslúfólks kr. 74.053 en skrifstofufólks kr. 87.408 frá undirskrift samningsins og hækka síðan árlega. Byrjunarlaun miðast við að starfsmaður verði 18 ára á almanaksárinu.

Við ákvörðun launa milli vinnuveitanda og starfsmanns, skulu laun endurspeglar vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Gæta skal ákvæða jafnréttislaga við launaákvæðanir.

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum.

Í samningnum er kveðið á um að lágmarkstekjur fyrir fullt starf fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá sama fyrirtæki skuli vera kr. 77.000 frá undirskrift og hækka árlega, þar til þær verða kr. 93.000 1. janúar 2003. Samkvæmt þessu ákvæði skal greiða mánaðarlega uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar, álags- og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma.

Desemberuppbót verður kr. 28.200 á árinu 2000 og hækkar árlega á samningstímanum, þar til hún verður kr. 31.000 á árinu 2001.

Orlofsuppbót verður kr. 9.400 frá 1. maí 2000 og hækkar árlega á samningstímanum, þar til hún verður kr. 10.000 frá 1. maí 2003.

Vegna mismunandi tímasetningar á gildistöku breytinga á vinnutímaákvæðum skal eigi síðar en 1. júní 2000 greiða verslunarmönnum, sem verið hafa í starfi frá 1. maí 2000, kr. 10.000 eingreiðslu, miðað við fullt starf, en annars hlutfallslega m.v. starfshlutfall. Orlof er innifalið í eingreiðslunni.

Frá 1. maí 2000 eykst orlofsréttur m.v. 10 ára samfellt starf í sama fyrirtæki í 28 virka daga og 12,07% orlofslaun og kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2001.

Starfsmaður sem öðlast hefur 28 daga orlofsrétt eftir 10 ára samfellt starf hjá sama atvinnurekanda fær hann að nýju eftir þrjú ár hjá nýjum vinnuveitanda, enda hafi rétturinn verið sannreynður við ráðningu.

Friðdagur verslunarmanna er skilgreindur sem stórhátíðardagur.

Breytingar urðu á vinnutímaákvæðum samningsins frá 1. október 2000 og breytast þá ákvæði um deilitölur tímakaups. Samningurinn kveður á um deilitölur annars vegar miðað við að kaffítímar séu teknir og hins vegar að þeir séu ekki teknir.

Virkur vinnutími í verslunum og brauðgerðarhúsum, þ.e. unninn tími án neysluléa, í dagvinnu skal vera 36 klst. og 35 mín. á viku. Dagvinnutími skal vera frá kl. 09:00 - 18:00 frá mánudegi til föstudags í verslunum en frá kl. 8:00 til 18:00 fyrir afgreiðslufólk í brauðgerðarhúsum og frá kl. 07:00 til 17:00 fyrir aðstoðarfólk í brauðgerðarhúsum.

Virkur vinnutími skrifstofufólks og sölumanna, þ.e. unninn tími án neysluléa, í dagvinnu skal vera 36 klst. og 15 mín. á viku. Vinnutíma skal hagað með samkomulagi milli starfsfólks og vinnuveitanda eftir því sem hentar á hverjum stað, með lengingu daglegs vinnutíma fyrir kl. 09:00, eftir kl. 17:00 og/eða styttri matartíma.

Séu samningsbundnir kaffítímar teknir lengist vinnutími sem þeim nemur.

Þann 1. júní 2000 breytast ákvæði samningsins þannig að þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en 4 klst. í yfirvinnu, enda þótt unnið sé skemur en greinin ásamt fylgiblaði frá 1984 fellur að öðru leyti niður. Matartími á dagvinnutímabilinu skal vera 1/2 - 1 klst. á tímabilinu kl. 12:00 - 14:00 og telst hann eigi til venjulegs vinnutíma. Réttur til hádegisverðarhlés miðast við a.m.k. 5 klst. vinnu á dagvinnutímabilinu.

Hjá afgreiðslufólki skal kaffitími vera 35 mín. á dag miðað við dagvinnu. Hjá skrifstofufólki skal kaffitími vera 15 mín. á dag miðað við dagvinnutíma. Fólk sem vinnur hluta úr degi skal fá hlutfallslegan kaffitíma. Fella má niður eða stytta kaffitíma með samkomulagi á vinnustað og styttest vinnutími sem því nemur.

Veita skal kvöldmatartíma á tímabilinu kl. 19:00 - 20:00 og greiðist hann með yfirvinnukaupi. Sé matartíminn unninn eða hluti af honum greiðist tilsvarendi lengri yfirvinna.

Heimilt er að setja á bakvaktir þar sem starfsmanni er skylt að vera í símasambandi og að sinna útköllum. Sé ekki um annað samið í ráðningarsamningi gildir eftirfarandi: Fyrir hverja klukkustund á bakvakt þar sem vakthafandi starfsmaður er bundinn heima við fær hann greitt sem svarar 33% dagvinnustundar. Fyrir bakvakt þar sem ekki er krafist tafarlausra viðbragða af hálfu starfsmanns en hann er tilbúinn til vinnu strax og til hans næst, þá greiðist 16,5% af dagvinnukaupi fyrir hverja klst. á bakvakt. Fyrir útkall á bakvakt skal starfsmaður fá greitt fyrir unninn tíma, þó að lágmarki fjórar klst., nema dagvinna hefjist innan tveggja stunda frá því að hann kom til vinnu. Bakvaktargreiðslur og yfirvinnugreiðslur fari þó aldrei saman.

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á sannanlegan hátt á fyrsta degi, t.d. með símskeyti, tilkynna vinnuveitanda um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð. Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES-svæðisins það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar. Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Uppbótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma sem launþegi óskar, og skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

Breytingar urðu á greinum um fyrirtækjaþátt kjarasamninga. Grein um viðræðuáætlun varð svohljóðandi: Þegar viðræður hafa verið ákveðnar er hlutaðeigandi verslunarmannafélagi og samtökum vinnuveitanda

tilkynnt um það. Rétt er báðum aðilum, starfsmönnum og forsvarsmönnum fyrirtækis, að leita ráðgjafar hjá samningsaðilum. Geta aðilar hvor um sig eða í sameiningu ákveðið að kalla til fulltrúa samningsaðila til ráðuneytis við samningsgerðina, strax eftir að viðræður hafa verið ákveðnar. Grein um upplýsingamiðlun breyttist einnig og varð svohljóðandi: Áður en gengið er til gerðar fyrirtækjasamnings skulu stjórnendur upplýsa trúnaðarmenn og aðra í samninganefnd um stöðu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu fyrirtækisins. Trúnaðarmaður á rétt á upplýsingum um launagreiðslur á þeim vinnustað sem hann er fulltrúi fyrir að því marki sem nauðsynlegt er til að framfylgja ákvæðum fyrirtækjasamningsins. Á gildistíma fyrirtækjasamnings skulu trúnaðarmenn upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

Réttur þeirra launþega, sem starfað hafa hjá sama atvinnurekanda í 1 ár eða lengur, vegna veikinda barna er aukinn úr 7 dögum í 10. Ennfremur eru sett inn ákvæði vegna réttar starfsmanna með fjölskylduábyrgð til að fara fyrirvaralaust í launalaust leyfi vegna sjúkdóma og slysa sinna nánustu, sem er mikilvæg réttarbót, þrátt fyrir að ekki sé um greiðsluskyldu að ræða.

Samið var um viðbótarframlag í séreignarsjóð. Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir vinnuveitandi framlag á móti með eftirfarandi hætti: frá 1. maí 2000 skal mótframlag vinnuveitanda vera 1% gegn 2% framlagi starfsmanns en frá 1. janúar 2002 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Inn kom nýtt ákvæði í samninginn um rétt starfsmanns til að hafa aðgang að læstum hirslum eða öðrum trygghum geymslustað þar sem hann getur geymt persónulega muni á meðan vinnu stendur.

Tekin voru út ákvæði um tímatakörk þess að vinnuveitandi endurgreiði launþega útlagðan sjúkrakostnað í vinnuslysa- og atvinnusjúkdóma tilfellum.

Bætur vegna slysatrygginga voru hækkaðar um u.þ.b. helming en tryggingaskilmálar breytast einnig og bætur verða ekki greiddar, ef tjónið fæst bætt af lögboðinni ökutækjetryggingu. Hækkanir á tryggingarfjárhæðum og breytingar á skilmálum gilda um slys sem verða eftir 1. júní 2000. Fjárhæðir miðast við vísitölu neysliverðs 1. apríl 2000.

Ýmsar eldri yfirlýsingar og bókanir falla niður, þar á meðal bókun vegna þeirra, sem vinna 32 klukkustundir í dagvinnu.

Við bókun um túlkun á gr. 2.3.4. um vikulegan frídag bætist:

Sami skilningur á við varðandi vinnuferðir erlendis. Með þessu ákvæði fá þeir, sem ferðast mikið erlendis á vegum atvinnurekanda og eyða í það helgum, inn ákvæði, sem á að tryggja að semja þurfi um að fresta vikulegum frídegi vegna ferða.

Ákvæði um staðlaðan fyrirtækjaþátt kjarasamninga var aðlagður að þeim vinnutímabreytingum, sem verða í samninginum að öðru leyti. Launataxti í stöðluðum fyrirtækjaþætti er 6% hærri en launataxti skv. gr. 1.1.1.

Samningsforsendur eru að verðbólga fari minnkandi. Í febrúar ár hvert munu samningsaðilar meta hvort forsendur sem samningur þessi hvílir á hafi staðist. Hafi sú forsenda brugðist eru launaliðir samningsins uppsegjanlegir með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Einnig náðist mikilvægt samkomulag um starfsmenntamál en í því felst að samningsaðilar muni á samningstímanum standa fyrir sameiginlegu verkefni í starfsmenntamálum. Verkefnisstjórn muni stýra því en meginþættir þess eru: styrkur til félagsmanna, kostun námskeiðahalds, kostun námsefnisgerðar og styrkur til fyrirtækja til starfs- og endurmenntunar starfsmanna. Sérstök verkefnisstjórn, skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila, sér um verkefnið og setur sér starfsreglur, sem samningsaðilar samþykkja, og setur verkefninu nánari markmið. Stéttarfélagin og SA annast hvort um sig móttöku og úrvinnslu erinda frá félagsmönnum sínum vegna verkefnisins. Atvinnurekendur skulu almennt greiða sem svarar 0,15% af launum félagsmanna til þessa verkefnis en ef fyrirtæki sinnir starfsmenntamálum með formlegum hætti og ver til þeirra sambærilegum eða meiri fjármunum en sem nemur 0,15% greiðir það sem svarar 0,05% af launum félagsmanna fyrirtækisins. Verkefnisstjórnin staðfestir að þau skilyrði séu uppfyllt á grundvelli upplýsinga frá fyrirtækinu. Stéttarfélagin greiða mótframlag sem svarar einum þriðja af greiddu framlagi atvinnurekanda til verkefnisins. Forsenda styrkveitinga skal almennt vera sú að tiltekinn hluti kostnaðar sé borinn af þátttökugjöldum. Samningsaðilar skulu leggja mat á árangur verkefnisins vorið 2003 og þá taka ákvörðun um framhaldið við næstu samningsgerð. Verkefnið hefur síðan fengið nafnið Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks.

Ennfremur voru gerðir sérkjarasamningar vegna starfsfólks í söluturnum, gestamóttökum, apótekum og kvikmyndahúsum.

Aðalkjarasamningurinn og sérkjarasamningarnir voru samþykktir af öllum aðildarfélögunum með um 90% atkvæða.

Samhliða aðalkjarasamningi voru gerðir sérsamningar milli LÍV og VR annars vegar og Samtaka atvinnulífsins hins vegar vegna starfsfólks í stórmörkuðum á öllu landinu þ.e verslana Baugs, Kaupáss, Samkaupa og Matbæjar. Þessir samningar voru samþykktir í sameiginlegri póstatkvæðagreiðslu innan LÍV með rúmlega 80% atkvæða. Þetta er í fyrsta skipti, sem slíkir samningar nást.

Endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2001

Endurskoðunarákvæði kjarasamninga aðildarsambanda ASÍ voru með misjöfnum hætti í síðustu samningum. Forsendur samninga Flóabandalagisins, Starfsgreina-sambandsins og Samiðnar voru að verðbólga lækkaði og launakostnaður annarra kjarasamninga yrði ekki hærrí. Samningsforsendur í samningi LÍV/VR og SA voru aftur á móti að verðbólga lækkaði. Við endurskoðun á forsendum kjarasamninga Flóabandalagsins, Starfsgreinasambandsins og Samiðnar varð niðurstaða launanevndar þeirra og SA að markmiðið um lækkun verðbólgu hafi náðst og að launafólki beri sérstakar hækkunar á kaupliðum samninganna vegna ýmissa vafaatriða um launakostnaðaráhrif annarra kjarasamninga og sömdu aðilar um eingreiðslur í framhaldi af því.

Í kjölfar þess áttu LÍV og VR viðræður við SA og varð niðurstaða þeirra eftirfarandi samkomulag, sem undirritað var þann 7. mars 2001:

Niðurstaða SA og LÍV um samningsforsendur

Í kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Landssambands íslenskra verzlunarmanna, sem undirritaður var 14. maí 2000 og gildir til 1. mars 2004, er eftirfarandi ákvæði um samningsforsendur:

„Samningsaðilar eru sammála um að forsenda þessa samnings sé að verðbólga fari minnkandi. Í febrúar ár hvert munu samningsaðilar meta hvort forsendur sem samningur þessi hvílir á hafi staðist. Hafi sú forsenda brugðist eru launaliðir samningsins uppegjanlegir með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.“

Þegar samningar aðila voru undirritaðir, í maí 2000, var verðbólgan 5,9% á ársgrundvelli. Frá þeim tíma hefur verðbólga farið minnkandi og var 4,1% í febrúar 2001 miðað við síðustu 12 mánuði. Niðurstaða aðila er því sú að samningsforsenda kjarasamningsins hafi staðist.

Í gær komst sérstök nefnd, skipuð fulltrúum frá ASÍ og SA, að þeirri niðurstöðu að ekki væri tilefni til uppsagnar launaliðar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði, hvorki vegna þróunar verðlags né samningsbundinnar launaþróunar annarra, en síðarefnda forsendan er í samningum flestra annarra kjarasamninga en verslunarmanna. Niðurstaðar nefndarinnar var sú að orlofs- og desemberuppbætur í kjarasamningum aðila skyldu hækka úr samtals kr. 38.600 í kr. 55.000 árið 2001, úr samtals kr. 39.900 í kr. 56.300 árið 2002 og úr samtals kr. 41.000 árið 2003 í samtals kr. 57.400 árið 2003. Niðurstaða þessi var gerð til að styrkja undirstöðu þeirra kjarasamninga til langs tíma sem gerðir hafa verið.

Samningsaðilar eru sammála um að til samræmis verði einnig gerðar breytingar á ákvæðum kjarasamnings SA og LÍV um orlofs- og desemberuppbætur. Niðurstaðan felur í sér að orlofsuppbót á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2001 verði kr. 15.000 í stað kr. 9.600, kr. 15.300 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2002 í stað kr. 9.900 og kr. 15.400 á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2003 í stað kr. 10.000. Desemberuppbót verður kr. 40.000 á árinu 2001 í stað kr. 29.000, kr. 41.000 á árinu 2002 í stað kr. 30.000 og kr. 42.000 á árinu 2003 í stað kr. 31.000.

STARFSMENNTASJÓÐUR VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks er eign Landssambands íslenskra verzlunarmanna, Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, og Samtaka atvinnulífsins en sjóðurinn var hluti kjarasamninga vorið 2000.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Allir félagsmenn VR og félagar innan LÍV geta sótt um starfsmenntastyrk til sjóðsins. Fyrirtæki sem greitt hafa iðgjöld í sjóðinn geta sótt um styrk til sjóðsins.

Starfsmaður sjóðsins er Alda Sigurðardóttir og sjóðurinn til húsa hjá VR. Netfang hans er www.starfsmennt.is.

STARFSGREINARÁÐ

LÍV á fulltrúa í tveimur starfsgreinaráðum. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir er fulltrúi í starfsgreinaráði fyrir verslunar- og skrifstofufólk og er formaður þess. Varamaður er Gylfi Dalmann Aðalsteinnsson. Stefanía Magnúsdóttir er fulltrúi LÍV í starfsgreinaráði vegna náttúrunýtingar.

SAMSTARFSNEFND UM STARFSNÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir er fulltrúi LÍV í nefndinni en Alda Sigurðardóttir varamaður.

ALÞÝÐUTRYGGINGAR

Nokkur umræða varð innan ASÍ á kjörtímabilinu um að stofna annað hvort tryggingafélag stéttarfélaganna eða að tryggja félagsmönnum lægri tryggingar með sameiginlegum samningum við starfandi tryggingafélög. Stofnað var undirbúningsfélag en LÍV tók ekki þátt í því. Niðurstaða málsins varð sú að fallið var frá hugmyndinni.

EKKERT TÓBAK UNDIR 18

Á þessu ári tók LÍV þátt í fræðsluferð undir slagorðinu “Ekkert tóbak undir 18” ásamt tóbaksframeiðendum og fulltrúum þeirra hérlendis, Samtökum verslunar og þjónustu, Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar og Lionshreyfingunni.

ERLENT SAMSTARF

UNI

Í ársbyrjun 2000 tók til starfa nýtt alþjóðasamband UNI - Union-Network International. Það varð til við samruna fjögurra alþjóðasamtaka. FIET, sem LÍV hefur átt aðild að undanfarna áratugi, MEI - Media and Entertainment International – alþjóðasambands starfsfólks í fjölmiðlun og skemmtanaiðnaði, CI - Communications International - alþjóðasambands starfsfólks í samskiptatækni, IGF -International Graphical Federation - alþjóðasambands starfsfólks við prentverk og grafíska hönnun. Þetta nýja samband hefur yfir 15,5 milljónir félagsmanna í 1.000 aðildarsamböndum í 140 löndum. Sambandinu eru skipt eftir heimsálfum og starfsgreinum.

Fundur í UNI Europa Commerce

Guðmundur B. Ólafsson sótti fund UNI Evrópa Verslun, sem haldinn var í Genf 21. - 22. september 2000. Fjallað var um kosti og galla hnattvæðingar, barnavinnu, skipulag stéttarféлага, rafræn viðskipti og áhrif þeirra. Í erindi um skipulag stéttarféлага var lögð áhersla á mikilvægi þess að félögin færu út á vinnustaðina.

Ráðstefna vefstjóra innan UNI 29. - 30. mars 2001 í Nyon

Steinunn Böðvarsdóttir sótti ráðstefnuna á vegum LÍV en markmið hennar var að skiptast á skoðunum um hvernig megi nota vefinn til að efla tengslin milli UNI og aðildarféлага þess og milli einstakra féлага / sambanda og félagsmanna.

Ráðstefnan fjallaði að mestu um hagnýtar upplýsingar um smíði, uppsetningu, skipulagningu og markaðssetningu heimasíða féлага og sambanda og samskiptamál milli UNI og aðildarféлага þess. Var hún mjög gagnleg og hægt verður að nálgast skýrslu um fundinn á vef LÍV.

Alþjóðþingi UNI í Berlín 5. - 9. september 2001

Yfirskrift þingsins var "Global Action @ UNI, sem hægt er að þýða heimsaðgerðir á vegum UNI. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir og Magnús L. Sveinsson sóttu þingið sem fulltrúar LÍV en Gunnar Páll Pálsson, sem fulltrúi VR.

Stefna UNI er að styðja hnattvæðingu en sambandið er á móti þeirri auknu misskiptingu, sem hún hefur leitt af sér. Áherslan er á að virðing fyrir réttindum launafólks sé óaðskiljanlegur þáttur í alþjóðaviðskiptum og að breyta þurfi viðskiptasamningum þannig að þeir komi einnig fátækustu þjóðum heims til góða.

Samböndin, sem eru staðsett í löndum þar sem réttur launafólks er virtur, eru hvött til þess í samningum sínum við alþjóðafyrirtæki að setja inn ákvæði um að samningarnir gildi einnig, setji fyrirtækin upp útibú í fátækari löndum heims. Með þessu yrði launafólki í þessum löndum sýnd mikilvæg samstaða en í mörgum tilfellum væri einnig verið að verja störf félagsmanna viðkomandi sambanda, þar sem hægt er að vinna hluta starfanna hvar sem er í heiminum.

Maj-Len Remahl formaður PAM í Finnlandi var kjörin forseti til næstu 2ja ára en þá fer hún á eftirlaun. Amerikaninn Jo Hansen tekur þá við. Maj-Len var formaður FIET við sameininguna en vék þá. Hægt verður að nálgast skýrslu frá þinginu á vef LÍV en ennfremur á vef UNI en netfangið er www.union-network.org.

NK (NORRÆNA SAMSTARFSNEFNDIN)

NK – Nordisk Komité, sem áður gekk undir nafninu NS – Nordisk Samarbejdskomité, er samstarf landssambanda verslunarmanna á Norðurlöndum.

Ársfundur NK á Gotlandi 1999

Árlegur fundur nefndarinnar var haldinn á Bornholm í Danmörku dagana 14. til 18. júní 1999 og sótti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fundinn.

Miklar umræður hafa verið um skipulag samstarfsins á síðustu árum og hvernig hægt væri að nýta það til að efla sameiginlega aðkomu sambandanna að UNI Evrópa og samningum og félagslegri umræðu innan Evrópusambandsins.

Starfsemi HK í Danmörku, sem er stærsta sambandið innan NK, er skipt eftir starfsgreinum. Það liggur við að um sé að ræða fimm sambönd, sem eru fyrir starfsfólk í verslun, þjónustu, iðnaði, hjá ríki og bæ. Hver starfsgreinahluti er síðan deildarskiptur eftir landssvæðum.

Handels í Svíþjóð er eingöngu samband starfsfólks í verslun og þannig var einnig Handelsanstáldas Forbund í Finnlandi en önnur sambönd höfðu bæði verslunar- og skrifstofufólk innan sinna raða.

HK í Danmörku hefur lagt mikla áherslu á að unnið sé eftir starfsgreinum til að undirbyggja starfið innan UNI, sem er bæði skipt landfræðilega og starfsgreinalega en innan UNI Evrópa eru m.a. bæði verslunar- og þjónustuhlutar (Commerce og IBITS).

Á undanförunum árum hefur komið fram áhugi á að fá fleiri sambönd á Norðurlöndunum, sem eru einnig í UNI, að samstarfinu en um það hafa verið skiptar skoðanir vegna samkeppni milli sambanda.

Fyrir nokkrum árum var skipulagi NK breytt og reynt að starfa meira eftir starfsgreinum innan þess en það hefur ekki skilað tilætluðum árangri.

Til stóð að ljúka umræðum um skipulagsmál NK, sem staðið höfðu s.l. 3 ár á þessum fundi en það tókst ekki. Formanni, varaformanni og ritara NK var falið að ganga frá tillögu og senda til stjórnarmanna. Það var ennfremur ákveðið að undirnefnd NK myndi hittast í Helsinki í byrjun desember 1999 og taka ákvörðun í málinu.

Kent Pettersson, sem verið hafði formaður Handels í Svíþjóð og NK hætti og tók við stöðu forstöðumanns sænska vinnueftirlitsins. Í hans stað var Sture Arntzen formaður HK í Noregi kosinn formaður NK.

Fundur undirnefndar NK í Helsinki í desember 1999

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir sótti fundinn fyrir LÍV. Niðurstaða fundarins varð að færa NS aftur til fyrra horfs og stofna þar að auki til nýs samstarfs, Nordisk Handel, sem er samstarf innan verslunar. Samböndin gætu einnig stofnað til samstarfs vegna starfsfólks í þjónustu (IBITS).

Ákveðið var að afhenda helming eigna NK til þessa nýja samstarfs og var skattur til NK lækkaður um helming. Hinn helmingurinn er ætlaður í hið nýja samstarf innan Nordisk Handel.

Ársfundur NK á Egilsstöðum 2000

Árlegur fundur nefndarinnar var haldinn á Egilsstöðum í júní 2000. Fram kom á fundinum að félagsmönnum hinna aðildarsambandanna annarra en HK í Noregi fer enn fækkandi.

Fram kom hjá fulltrúunum HK í Danmörku að starfsgreinahlutar sambandsins ynnu sameiginlega að því að leita leiða til að fjölga félagsmönnum. Mikil vinna hefur verið lögð í málið og er niðurstaðan sú að mikilvægast sé að snúa sér að kjarnanum, faglegri vinnu, ekki tilboðum. Komið hefur verið á 24 tíma þjónustu við félagsmenn vegna kjaramála.

Fram kom að störfum í verslun hefur farið fækkandi í Finnlandi og Svíþjóð og þá sérstaklega úti á landi og þau störf kæmu ekki aftur. Sameiningarmál hafa verið mikið rædd hjá öllum hinum samböndunum og fram kom að finnska sambandið myndi í lok nóvember 2000 sameinast þremur samböndum starfsfólks í hótél og veitingahúsum og hjá tækni og fasteignafyrirtækjum. Nýja sambandið mun heita PAM eða Service Facken (Þjónustusambandið).

HK í Noregi er í sameiginlegu rannsóknarverkefni með atvinnurekendasamtökunum, sem lýtur að aukinni félagsaðild hjá báðum samtökunum.

Samþykkt var að breyta samsetningu nefndarinnar til fyrra horfs þannig að í henni ættu sæti formenn og varaformenn sambandanna (aðeins formaður LÍV) en undanfarin ár höfðu formenn þriggja starfsgreinaeigra Handel og Kontor í Danmörku átt sæti í nefndinni auk formanns sambandsins.

Ráðstefna NK um rafræn viðskipti 2000

NK hélt ráðstefnu um rafræn viðskipti í Malmö í Svíþjóð dagana 31. ágúst til 3. september 2000 og sóttu Guðmundur B. Ólafsson og Alda Sigurðardóttir hana fyrir LÍV.

Fjallað var um umfang rafrænna viðskipta og áhrif þeirra á vinnuumhverfið, stéttarfélagin og samfélagið. Fram kom að störf væru að leggjast niður og ný að skapast og ljóst væri að þróun internetsins og rafrænna viðskipta væri mjög hröð. Bent var á að stéttarfélagin þyrftu að bregðast við þessu með því að fylgjast mjög vel með og hafa þar með hugsanleg áhrif á þætti sem snertu menntun, störf og starfsumhverfi. Skýrsla verður á vef LÍV.

Fundur vinnunefndar NK í Kaupmannahöfn 2001

Fundur vinnunefndar NK var haldinn í Kaupmannahöfn dagana 15. og 16. janúar 2001 og var aðalefni hans að undirbúa árlegan fund NK í París í júní 2001.

Ársfundur NK í París 2001

Ársfundur NK var haldinn í París dagana 25. til 21. júní en samliða honum var fundað með franska sambandinu Cdft.

Fram kom að HK í Danmörku hefur haldið félagsmannafjölda vegna inngöngu ýmissa annarra stéttarféлага í sambandið. Sambandið hefur rætt skipulagsmál undanfarin ár og var ákveðið að þau yrðu aðalmál þings þess í október 2001. Að þinginu loknu er ætlunin að kanna vilja félagsmanna til breytinga á starfsemi sambandsins og halda síðan umræðunni áfram á vefnum. Næsta þing sambandsins yrði síðan að tveimur árum liðnum og þar yrðu teknar ákvarðanir. Sambandið er með kjarasamninga til 2004.

Fram kom að fjórðungur félagsmanna og starfsmanna PAM í Finnlandi mun fara á eftirlaun innan 10 ára og er fjölgun félagsmanna því eitt aðalverkefni sambandsins. Sambandið er með kjarasamninga til 2003 og talið er líklegt að hann verði framlengdur um eitt ár.

Félagsmönnum í HK í Noregi hefur fækkað en á móti kemur að laun hafa hækkað. Atvinnuleysi fer minnkandi en vel hefur gengið í Noregi vegna ágóða af olíu. Sambandið undirbýr nú næstu kjarasamninga, sem verða vorið 2002.

Handels í Svíþjóð er með 3ja ára kjarasamning og í honum var lögð áhersla á að hækka laun kvenna. Félagsmönnum hefur fækkað en mikill straumur fólks er í gegnum sambandið. Þing þess er í október 2001 og er starfsemi og skipulag sambandsins aðalmál þess. Tillögurnar lúta m.a. að því að allir starfsmenn verði ráðnir af sambandinu ekki einstökum deildum. Sambandið á í viðræðum vegna "Banka í búð" og "Pósts í búð" en það er nýtt fyrirkomulag, sem er að ryðja sér til rúms í Svíþjóð og víðar.

Seinni hluti fundarins var með fulltrúum Cfdt, sem er mjög sterkt samband verslunarmanna í Frakklandi. Aðild að stéttarfélögum er lítil í Frakklandi en eigi að síður er verkalýðshreyfingin mjög sterk þar og hefur mikil áhrif.

Nýlega höfðu verið sett ný vinnutímalög í Frakklandi og í kjölfar þess hafa samböndin þurft að gera mörg hundruð vinnustaðasamninga um vinnutíma. Ástæðan er sú að félagsaðild að samtökum atvinnurekenda er svo lítil að semja verður við hvert fyrirtæki fyrir sig og jafnvel að gera eins marga samninga og starfsstöðvar fyrirtækisins eru margar.

NORDISK HANDEL

Stofnfundur

Stofnfundur Nordisk Handel var haldinn í Stokkhólmi 24. janúar 2000 og sótti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fyrir LÍV.

Samþykktar voru reglur fyrir samstarfið og ákveðið að halda einn fund árlega, þar sem kæmu þrír fulltrúar frá hverju landi nema einn frá Íslandi. Ennfremur var ákveðið að hafa undirnefnd, sem í ættu sæti formenn. Sú nefnd myndi hittast eftir þörfum.

NH er vegna starfsfólks í verslun og hefur að markmiði að:

- að vera samstarfsvettvangur fyrir sambönd starfsfólks í verslun
- að safna þeim saman til hjálpar og gagnkvæms stuðnings
- að tryggja að félagsmenn haldi félagsaðild við flutninga milli Norðurlandanna
- auka áhrif Norðurlandanna á umræður um félagsmálasáttmála Evrópusambandsins og vinna sameiginlega að því að vekja áhuga fólks á Evrópusambandsgrunni
- fylgjast með samninga- og launamálum innan afgreiðslugeirans á Norðurlöndum
- standa fyrir og samhæfa faglegt samstarf innan fyrirtækja, sem fara yfir landamæri
- koma á samböndum við sameiginlega norræna samningsaðila
- samhæfa starfið innan UNI-Commerce.

Samþykkt var að bjóða HTF, sem eru samtök verslunarmanna í Svíþjóð og hafa starfað í samkeppni við Handels, aðild að NH. Þetta er gert að ósk Handels en samstarf þessara sambanda hefur aukist. Ennfremur var ákveðið að bjóða Danske sælgere aðild. Ákveðið var að bjóða fulltrúum þessara sambanda til næsta fundar NH.

Fundur vinnunefndar NH í október 2000

Fyrsti fundur vinnunefndar NH var haldinn 11. október 2000 í Kaupmannahöfn og sótti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir fundinn fyrir LÍV.

Rætt var um áherslur í samstarfinu og ákveðið að kjarasamningar sambandanna verði fastir liður, þar sem ýmislegt, sem samið er um hefur áhrif í fleiri löndum vegna fjölþjóðlegra fyrirtækja.

Fram kom að í Svíþjóð er fólk að gefast upp á löggjöfina um afgreiðslutíma og samböndin bregðast við með því að hækka álag á vinnu á óhentugum tíma. Danirnir horfa til löggjafarinnar en eru ekki spenntir fyrir auknum álögum á þennan tíma.

Ákveðið var að leita eftir því að koma á formlegu norrænu samstarfi við atvinnurekendur og í þeim tilgangi var ákveðið að bjóða fulltrúum frá atvinnurekendasamtökunum í löndunum til fundar í tengslum við næsta fund NH. Rædd yrði uppbygging og þróun í verslun en fyrirtækjum fækkar og þau stækka, sem hefur mikil áhrif á okkar sambönd en ekki síður á félagsaðild í samtökum atvinnurekenda.

Fram kom hjá fulltrúa HK/Handel í Danmörku að stjórnvöld höfðu ætlað að fella niður afgreiðslutímalöggjöfina í Danmörku en í stað þess tókst að fá þau til að leggja fram frumvarp, sem styrkir löggjöfina. Þau gerðu samninga til 3ja ára og eru nú að vinna í launakerfi og að launajafnrétti en karlar hafa alls staðar hærri laun en konur í verslun. Það er búið að setja lög, sem setja sönnunarbyrðina á atvinnurekendur.

Fram kom frá fulltrúa Finnlands að það eru í gildi lög um afgreiðslutíma í Finnlandi.

Samningar væru lausir í jan./febr. 2001 og verið væri að ræða þríliða samninga til 2ja ára til að tryggja stöðuna en atvinnuleysi minnkar hægt.

Það eru ekki afgreiðslutímalög í Svíþjóð. HTF hefur þurft að fara í vinnustaðasamninga vegna þess hve samtök atvinnurekenda eru skipt og mikil samkeppni er milli þeirra.

Fjöldi innflytjenda er vandamál í Svíþjóð, þar sem þeir fá ekki vinnu þrátt fyrir menntun m.a. vegna þess að þeir hafa ekki sænsk eftirnöfn.

Fram kom að skipulagi HK í Noregi hafði verið breytt á þingi þess og var starfseminni skipt niður í verslun annars vegar og skrifstofu og þjónustu hins vegar og var unnið að því að ljúka endurskipulagningunni. Það eru afgreiðslutímalög í gildi í Noregi.

Samþykkt var að ráða ritara í 50% starf fyrir NH og í 50% starf fyrir UNI-Europa-Commerce. Tilgangurinn er að gera starfið markvissara og að viðkomandi undirbúi fundi NH og starfið innan UNI.

Fundur NH með atvinnurekendum í Osló í febrúar 2000

NH hélt fund með atvinnurekendum í Osló 6. febrúar 2000 og sótti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir hann fyrir LÍV en Guðrún Ásta Sigurðardóttir fyrir Samtök verslunarinnar FÍS. SA gat ekki sent fulltrúa til fundarins.

Flutt var erindi um stefnur og straua í atvinnulífi innan verslunar- og þjónustugeirans og hvaða afleiðingar þróunin innan verslunarinnar hefur á aðila vinnumarkaðarins og samningagerð innan Evrópu og Norðurlanda.

Allmiklar umræður urðu á fundinum og varð niðurstaðan að hittast tvisvar á ári til að byrja með og ræða afmörkuð vinnumarkaðsmál en af miklu væri að taka.

Fundur NH í október 2001

NH hélt þrjá fundi í Kaupmannahöfn dagana 2. til 4. október 2001. Vegna mistaka barst fundarboð ekki fyrr en tveimur dögum fyrir fundinn og gat því fulltrúi LÍV, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, aðeins setið einn þeirra, sem var annar árlegur fundur NH. Áður höfðu verið haldinn fundur í undirnefnd NH og fundur með atvinnurekendum. Af sömu ástæðu var ekki hægt að boða fulltrúa atvinnurekenda.

Fundarmenn voru sammála að halda áfram að funda með atvinnurekendum. Fram kom að HK/Handel í Danmörku hefur verið í samstarfi við atvinnurekendur vegna rána og ofbeldis í verslunum, sem er orðið mikið vandamál. Þeir hafa útbúið leiðbeiningarbæklinga, sem dreift hefur verið til atvinnurekenda og launþega í samvinnu við Vinnueftirlitið. Þessir bæklingar eru nú nýttir sem reglugerð. Sambandið hefur gefið út áróðursrit til stuðnings starfsgreinskiptingu sambandsins og sent trúnaðarmönnum, en eigi að síður er vilji til þess að halda ákveðnum málum á sameiginlegu borði innan sambandsins. Ekki hefur gengið að hækka laun í verslunum og er rætt að skipta um launakerfi í þeim samningum næst þegar verður samið og falla frá markaðslaunum. Félagsmönnum HK/Handel hefur fjölgað.

Þing systursambandanna á Norðurlöndum

Fulltrúar LÍV hafa setið nokkur þing systursambandanna á Norðurlöndum.

Þing Handel og Kontor í Noregi var haldið í Gardemoen 23. til 27. september 2000 og sótti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir það fyrir LÍV

Þing HK/Handel í Danmörku var haldið í Kaupmannahöfn 8. til 10. október 2000 og sótti Gunnar Páll Pálsson það fyrir LÍV.

Stofnþing nýja finnska sambandsins PAM var haldið í Finnlandi 27. til 29. nóvember 2000 og sótti Ingibjörg R. Guðmundsdóttir það fyrir LÍV.

Þing Handel og Kontor í Danmörku var haldið í Álaborg 6. til 11. október 2001 og sótti Guðmundur B. Ólafsson það fyrir LÍV.

Þing Handels í Svíþjóð var haldið í Stokkhólmi 20. til 24. október 2001 og sótti Guðbrandur Einarsson það fyrir LÍV.

Ferð ASÍ til Brussel

Guðrún Erlingsdóttir fór sem fulltrúi LÍV í kynningarferð ASÍ til Brussel 3. til 7. október 2001 en hún er fulltrúi LÍV í alþjóðanefnd ASÍ.